

## 1. gr. Almenn

Reglur þessar gilda um samninga um séreignarsparnað við Íslandsbanka, samkvæmt ákvæðum laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, og reglugerð nr. 698/1998 um ráðstöfun iðgjalds til lífeyrissparnaðar og viðbótartryggingarvernd. Er í reglum þessum vísað til slíkra samninga sem „samninga um séreignarsparnað við Íslandsbanka“.

Framtíðarauður er séreignarsparnaður Íslandsbanka, þar sem inneign rétthafa er stýrt í samræmi við fjárfestingarleið, sem rétthafi velur.

Fjárfestingarleið er samsetning fjárfestinga innan Framtíðarauðs. Fjárfestingarleiðir eru mótaðar eftir fyrirfram ákveðinni fjárfestingarstefnu, í samræmi við ákvæði 1. mgr. 36. gr. og 36. gr. a. laga nr. 129/1997.

Lífeyrisreikningur er ávöxtunarleið innan Framtíðarauðs, þar sem iðgjöld ávaxtast sem innstæða á innlánsreikningi hjá Íslandsbanka.

Rétthafi er einstaklingur sem greitt er fyrir, greiðir eða greitt hefur iðgjald til séreignarsparnaðar Íslandsbanka. Heimild rétthafa til þess leiðir af 1. mgr. 5. gr. laga nr. 129/1997.

Íslandsbanki hf. er viðskiptabanki sem starfar samkvæmt lögum nr. 161/2002 um fjármálfyrirtæki og hefur heimild til að starfa sem vörsluaðili séreignarsparnaðar og taka við séreignarsparnaði, samkvæmt 1. tl. 3. mgr. 8. gr. laga nr. 129/1997.

## 2. gr. Greiðsla iðgjalda

Rétthafi skal gera samning um séreignarsparnað við Íslandsbanka og skuldbinda sig til þess að greiða mánaðarlega iðgjald til Íslandsbanka. Greiðslutímabil iðgjalda skal ekki vera lengra en mánuður og skal gjalddagi vera tíundi næsta mánaðar. Eindagi skal vera síðasti virki dagur sama mánaðar og iðgjald fellur í gjalddaga. Iðgjaldagreiðslur skulu hefjast eigi síðar en tveimur mánuðum eftir undirritun samnings um séreignarsparnað við Íslandsbanka. Rétthafi getur flutt séreignarsjóð frá öðrum lífeyrissjóðum eða vörsluaðilum séreignarsparnaðar til Íslandsbanka.

Rétthafi ber ábyrgð á skilum launagreiðanda á afdregnum iðgjöldum séreignarsparnaðar. Óski rétthafi eftir aðstoð vörsluaðila við innheimtu ógreiddra iðgjalda skal tilkynning þess efnis berast, með skriflegum hætti, til vörsluaðila, ásamt launaseðlum sem sýna afdregin iðgjöld. Við gjaldþrot launagreiðanda ábyrgist Ábyrgðasjóður launa kröfu vörsluaðila um vangoldin iðgjöld sem fallið hafa í gjalddaga, að ákveðnum skilyrðum uppfylltum, sbr. II. kafli reglugerðar nr. 462/2003 um Ábyrgðasjóð launa, sem finna má á heimasíðu sjóðsins.

## 3. gr. Ráðstöfun iðgjalda

Rétthafi skal ákveða ráðstöfun iðgjalda í samningi um séreignarsparnað við Íslandsbanka. Heimilt er að ráðstafa hluta iðgjalds til kaupa á örorku-, slysa- og/eda sjúkratryggingu.

Rétthafa er heimilt að velja eina fjárfestingarleið eða lífeyrisreikning eða skipta iðgjaldi sínu milli mismunandi fjárfestingarleiða og lífeyrisreikninga. Rétthafar geta valið að færast sjálfkrafa án kostnaðar milli fjárfestingarleiða eftir aldri samkvæmt Ævileið. Inneign er þá flutt milli fjárfestingarleiða í jöfnum skrefum á fjórum árum og er nýjum iðgjöldum ráðstafað í þá fjárfestingarleið sem inneign flyst í.

Iðgjöld ávaxtast í samræmi við þá fjárfestingarleið eða þann lífeyrisreikning sem rétthafi hefur valið frá þeim degi er skilagrein berst, enda geti Íslandsbanki ekki sérgreint fé rétthafa fyrir en skilagrein frá launagreiðanda hefur borist. Hafi Íslandsbanka borist iðgjaldagreiðsla áður en skilagrein launagreiðanda er skilað, verður féð ávaxtað á safnreikningi sem ber vexti samkvæmt vaxtatöflu Íslandsbanka hf. hverju sinni.

Geri rétthafi nýjan samning um séreignarsparnað við Íslandsbanka er framtíðar-iðgjöldum alfarið ráðstafað samkvæmt nýja samningnum, en ráðstöfun inneignar rétthafa breytist ekki nema annars sé óskað sbr. 7. gr.

## 4. gr. Útborgun

Rétthafa er heimilt að hefja úttekt á inneign, eða gera sérstakan útborgunarsamning tveimur árum eftir fyrstu greiðslu iðgjalds til öflunar lífeyrisréttinda í séreign, þó aldrei fyrir en rétthafi hefur fullnægt þeim viðbótarskilyrðum sem talin eru upp í 2. – 5. mgr. þessarar greinar.

Rétthafi getur hafið úttekt á innstæðu sinni ásamt vöxtum við 60 ára aldur. Rétthafa er heimilt að taka inneign sína, ásamt vöxtum, út í einu lagi eða dreifa úttektinni yfir lengra tímabil. Verði rétthafi öryrki og orkutapið sem hann verður fyrir er 100%, á hann rétt á að fá séreignarsparnað og vexti greidda út með jöfnum árlegum greiðslum á 7 árum eða lengri tíma. Árleg útborgun skal lækka og úttektartími lengjast í hlutfalli við lækkun örorkuprósentu. Útborgun getur í fyrsta lagi hafist þegar rétthafi hefur lagt fram vottorð um örorku og orkutap. Sé inneign undir kr. 500.000, skal heimilt að kveða á um skemmri útborgunartíma en að ofan greinir eða með eingreiðslu, ef rétthafi óskar þess. Viðmiðunarfjárhæð þessi skal breytast árlega í hlutfalli við breytingu á vísitölu neysluverðs, miðað við grunnvísitölu 173,5 stig.

Sé innstæðan ekki að fullu greidd við andlát rétthafa fellur hún til erfingja hans og skiptist þá á milli þeirra eftir reglum erfðalaga. Láti rétthafi ekki eftir sig maka eða börn skal inneign renna til dánarbús rétthafa án takmarkana, sbr. 2. málsl. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 129/1997.

Um iðgjöld vegna 1. mgr. 5. gr. laga nr. 129/1997 gilda reglur viðkomandi lífeyrissjóðs um útborgun, þ.e. sömu reglur og gilda fyrir séreignarhlutann í þeim lífeyrissjóði sem viðskiptavinur greiðir samtryggingarhluta iðgjaldsins til sbr. 7. gr. reglugerðar nr. 391/1998.

Íslandsbanki áskilur sér allt að 30 daga til að afgreiða beiðni um útborgun séreignarsparnaðar. Útborgun verðtryggðra innlánsreikninga eða fjárfestingaleiða sem fjárfesta í verðtryggðum reikningum geta verið háð binditíma sbr. 2. mgr. 7. gr. þessarar reglna.

## 5. gr. Varðveisla séreignarsparnaðar

Velji rétthafi að ráðstafa iðgjöldum sínum í fjárfestingarleið Framtíðarauðs er inneign hans varðveitt sem hlutdeild í eignasafni á sérgreindum fjárvörslureikningi hjá Íslandsbanka sem ávaxtast í samræmi við þær fjárfestingarleiðir sem rétthafi hefur valið skv. 3. gr. þessarar reglna. Eignir inn á slíkum sérgreindum vörslureikningum eru aðskildar frá eignum bankans. Velji rétthafi að ráðstafa iðgjöldum sínum inn á Lífeyrisreikning er inneign hans varðveitt sem innstæða á sérgreindum innlánsreikningi sem er stofnaður í útibúi Íslandsbanka. Lífeyrisreikningar eru ávaxtaðir samkvæmt vaxtastefnu Íslandsbanka eins og hún er á hverjum tíma og eru vextir breytilegir.

## 6. gr. Skilmálar Lífeyrisreikninga

Vaxtatímabil Lífeyrisreikninga er frá 1. janúar til 31. desember ár hvert. Rétthafi getur valið á milli bundins og verðtryggðs reiknings eða óbundins og óverðtryggðs reiknings. Vextir eru færðir á höfuðstól við lok hvers árs. Um mánaðamót reiknast verðbætur á verðtryggðum reikningum samkvæmt vísitölu neysluverðs á lægstu innstæðu reikningsins í síðasta almanaks mánuði og leggjast þær mánaðarlega við höfuðstól. Á inn- og útborganir hvers mánaðar reiknast sérstakar verðbætur, sem eru breytilegar í samræmi við vaxtaákvörðun bankans hverju sinni og leggjast þær við höfuðstól um mánaðamót. Um tryggingu innstæðna á innlánsreikningum fer eftir almennum reglum um tryggingavernd innstæðu eigna og fjárfesta. Sjá nánar á www.tryggingarsjodur.is og í lögum nr. 98/1999 um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta. Skilmálar þessir og kjör reikningsins að öðru leyti eru háð ákvörðun bankans, lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997, skattalögum og almennum reglum Seðlabanka Íslands um verðtryggingu innlána hverju sinni.

## 7. gr. Ráðstöfunarréttur

Rétthafa er heimilt að breyta um fjárfestingarleið inneignar og/eda ráðstöfun framtíðariðgjalda með skriflegri tilkynningu til bankans. Rétthafa er heimilt að flytja inneign til annarra vörsluaðila sem uppfyllir lagaskilyrði til þess að bjóða upp á samninga af þessu tagi, sbr. 3. mgr. 8. gr. laga nr. 129/1997. Rétthafi skal þá óska eftir því með skriflegri tilkynningu til Íslandsbanka og skal flutningurinn eiga sér stað innan tveggja mánaða frá móttöku flutningsbeiðni rétthafa. Velji rétthafi Ævileið flyst inneign hans í fjárfestingarleiðum Stýring A til E samkvæmt Ævileið en inneign í öðrum fjárfestingarleiðum (s.s. lífeyrisreikningi) er ekki flutt nema rétthafi óski eftir því sérstaklega.

Hafi rétthafi valið að binda inneign sína á verðtryggðum lífeyrisreikningi getur flutningur séreignarsparnaðar verið háður skilmálum Lífeyrisreikninga sbr. 6. gr. reglnanna.

Óheimilt er að framselja, veðsetja eða á annan hátt ráðstafa inneign eða réttindum samkvæmt samningi um séreignarsparnað við Íslandsbanka á annan hátt en getið er í samningi þessum og lögum nr. 129/1997.

## 8. gr. Kostnaður

Árlegt umsýslugjald er 0,5% af heildareign rétthafa. Ekki er tekið umsýslugjald af Lífeyrisreikningum. Flutningur milli fjárfestingarleiða er gjaldfrjáls tvisvar á ári. Ef oftár er flutt milli leiða getur kostnaður numið allt að 0,5% af inneign sem flutt er. Kostnaður vegna flutninga til annarra vörsluaðila getur numið allt að 0,5% af inneign sem flutt er, þó að lágmarki kr. 5.000,-. Enginn kostnaður er greiddur við flutning skv. Ævileið.

## 9. gr. Uppsögn

Samningur um séreignarsparnað við Íslandsbanka er ótímabundinn og uppsageinlegur af hálfu beggja aðila með 2 mánaða fyrirvara. Uppsögnina skal tilkynna skriflega og skal miða upphaf uppsagnarfrestsins við afhendingu tilkynningar til Íslandsbanka. Uppsögn veitir rétthafa ekki rétt til útborgunar innstæðu eða réttinda samkvæmt samningnum. Rétthafi hefur þó heimild til ráðstöfunar í samræmi við 7. gr. reglnanna.

## 10. gr. Eftirlit

Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með að starfsemi vörsluaðila sé í samræmi við lög og reglur. Fjármálaeftirlitinu skal heimilaður aðgangur að öllum gögnum og upplýsingum vörsluaðila sem það telur nauðsynlegt vegna eftirlitsins. Um eftirlit Fjármálaeftirlitsins gildir eftir því sem við á lög um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi nr. 87/1998.

## 11. gr. Tilkynning til launagreiðanda

Íslandsbanki hf. sendir launagreiðanda tilkynningu eða afrit af samningi um séreignarsparnað við Íslandsbanka.

## 12. gr. Sjóðfélagavefur Framtíðarauðs

Allar breytingar sem gerðar eru í sjóðfélagavef Framtíðarauðs eru jafngildar og undirrituð beiðni afhent bankanum.

## 13. gr. Breyting á reglum

Íslandsbanka hf. er heimilt að breyta reglum þessum, að undangenginni staðfestingu fjármálaráðherra sbr. 10. gr. laga nr. 129/1997.

Samþykkt af stjórn: 26. október 2023.

Reglur taka gildi 1. janúar 2024.